

# Fundargerð 825. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2015, mánudaginn 16. febrúar kl. 17:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Gunnar Axel Axelsson, Sigurður Björn Blöndal.

Í símasambandi voru Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Ísólfr Gylfi Pálmason og Skúli Helgason í forföllum Bjarkar Vilhelmsdóttur.

Forfölluð voru Gunnar Einarsson og Jónína Erna Arnardóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, og sviðsstjórnarnir Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Tilboð frá Félagi grunnskólakennara - 1311072SA

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað kjarasviðs sambandsins, dags. 14. febrúar 2015, um tilboð frá Félagi grunnskólakennara til samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. febrúar 2015.

Sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna. Að loknum umræðum var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir fyrir sitt leyti eftirfarandi breytingar á kjarasamningi sambandsins og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara sem undirritaður var 20. maí 2014 með gildistíma frá 1. maí 2014 til 31. desember 2016:*

**Forsenduákvæði:** *Að forsenduákvæði, sem undirritað var samhliða kjarasamningi 20. maí 2014 og fjallar um almennar launahækkningar, falli niður.*

**Ákvæði um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu:** *Að gr. 2.3.7, um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu, verði óbreytt eins og hún var fyrir undirritun kjarasamnings aðila í maí 2014. Greinin fær þó nýtt númer og verður gr. 2.3.6. Greinin hljóðar svo:*

*Þegar kennara einnar bekkjardeildar/námshóps er falið að bæta við sig kennslu annarrar bekkjardeildar/námshóps samhliða eigin kennslu vegna forfalla annars kennara, skal greiða honum hálfra yfirvinnustund í álag fyrir hverja slíka kennslustund.*

*Þar sem samkensla er stunduð og ekki tekst að útvega afleysingu vegna forfalla skal sama álag gilda fyrir kennara sem bætir við sig kennslu, enda hafi ekki verið*

*gert samkomulag um annað á grundvelli greinar 2.1.2, greinar 2.1.6.3 eða samið hafi verið um greiðslu TV- eininga í slíkum tilfellum.*

**Gildistími:** Með fyrirvara um samþykkt vinnumats, færast lok gildistíma kjarasamningsins til 31. maí 2016.

Fundi var slitið kl. 17:40.

---

Halldór Halldórsson

---

Eiríkur Björn Björgvinsson

---

Skúli Helgason

---

Gunnar Axel Axelsson

---

Jónína Erna Arnardóttir

---

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Sigurður Björn Blöndal

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Gunnhildur Ingvarsdóttir

---

Ísólfur Gylfi Pálmason

---

framkvæmdastjóri

---

ritari